

milli þenna dag, eptir því sem fram er komið í málinu, sbr. 41. gr. og grundvallarregluna í 221. gr. hegningarlaganna, ekki vera þess eðlis, að það geti varðað þá hegningu, eins og ekki heldur verður sjeð, að um neinn skaða sje að ræða, er bætur ættu fyrir að koma. Samkvæmt þessu ber að dæma málspartana sýkna hvorn af annars kröfum í þessu máli, og hlýtur þá einnig málskostnaður fyrir báðum rjettum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Egill borgari Egilson, og hinn stefndi, H. Th. A. Thomsen kaupmaður, eiga að vera sýknir hvor af annars kærnum og kröfum í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 11/1879:

Rjettvísinn

gegn

Sigurði söðlasmið Jónssyni

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað er að boði amtmannsins í suður- og vesturamtinu gegn Sigurði söðlasmið Jónssyni á Haukagili í Mýrasýslu út af því, að hann hafi haft um hönd skottulækningar og óleyfilega með-
 alasölu, er það sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, að hann hafi látið úti til ýmsra manna homöopathisk meðöl og sagt fyrir um brúkun þeirra, og þykist hann á þenna hátt hafa læknað marga sjúkdóma bæði innvortis og útvortis. Undirdómarinn hefur álitid, að hinn ákærði, sem ekki hefur leyst af hendi opinbert

próf í lækni­fræði, nje á annan hátt öðlast leyfi til að fara með lækningar, með þessu atferli sínu hafi brotið á móti fyrirmælum tilskipunar 5. septbr. 1794, 5. gr. sbr. tilskip. 24. jan. 1838, 1. gr., án þess að það í þessu efni geti komið til greina, hvort hinn ákærði með lækningatilaunum sínum, svo sannað verði, hafi valdið neinu sjerstöku tjóni, og með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Mýra og Borgarfjarðarsýslu 5. marz þ. á., hefur hann dæmt hinn ákærða fyrir óleyfilegar lækningatilaunir í 40 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Hvítársíðuhrepps, og til að greiða allan kostnað af máli þessu. Aptur á móti hefur undirdómarinn dæmt hinn ákærða sýknan að því er snertir óleyfilega meðalasölu, með því að það ekki er sannað, að hann hafi sett neitt uppá eða selt fyrir ákveðið verð meðöl þau, er hann hefur látið úti, heldur að hann hafi sumpart gefið þau, sumpart aðeins tekið við því, er menn af sjálf­dáðum hafa greitt honum fyrir meðölin og lækningarnar.

Mæð því að yfirdómarinn að öllu leyti verður að fallast á niðurstöðu þá, sem undirdómarinn þannig hefur komizt að í máli þessu, sem og á ástæður þær, sem hún er byggð á, ber að staðfesta undirrjettardóminn, þó þannig, að sektin samkvæmt tilskip. 24. jan. 1838 3. gr. færist niður í 20 krónur, og ber hinum ákærða þá einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, í málaflutningslaun,

Þess ber að geta, að málið í hjeradi hefur verið kallað: «hið opinbera gegn Sigurði Jónssyni», en með því að annars að öllu leyti er farið með málið sem sakamál, þá getnr þetta atriði ekki haft nein áhrif á úrslit málsins, og því vottast, að meðferð málsins í

hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa þannig, að sektin færist niður í 20 krónur. Hinum ákærða, Sigurði Jónssyni, ber að greiða allan af áfryjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal í málaflutningslaun tíí sóknara og svara-manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10. kr. til hvors.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna fra dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. ágústmán.

Nr. 10/1879:

Rjettvísín

gegn

Eggert Stefánssyni, Rögnvaldi
Guðmundssyni, Ólafi Árnasyni,
Benidikt Grímssyni og Þor-
láki Ásmundssyni.

D ó m u r :

Hinn 21. dag marzmán. þ. á. var fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu að Reynisstað, kveðinn upp dómur í máli því, sem hjer er um að ræða, og voru hinir ákærðu dæmdir fyrir sauðapjófnað, hluttekningu í þessum glæp og hilmingu þannig: ákærði Eggert Stefánsson til að sæta betrunarhússvinnu í 3 ár, til að greiða iðgjöld til síra Markúsar Gíslasonar 12 krónur, og í sameiningu við meðákærða Þorlák Ásmundsson til Sveins Gunnarssonar í Borgarey 8 krónur, til að greiða